

## SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR - FRAMBOÐ TIL KIRKJUÞINGS 2022



|                      |  |
|----------------------|--|
| <i>Nafn:</i>         | Sigríður Halldórsdóttir                                |
| <i>Kennitala:</i>    | 040954-4739  |
| <i>Heimilisfang:</i> | Steinahlíð 8a, 603 Akureyri                            |
| <i>Sókn:</i>         | Lögmannshlíðarsókn, Akureyri                           |
| <i>Starf:</i>        | Prófessor við Háskólann á Akureyri                     |
| <i>Netfang:</i>      | <a href="mailto:sigridur@unak.is">sigridur@unak.is</a> |
| <i>Símar:</i>        | hs. 462-7676, vs. 460-8452, fs. 861-4911               |

Ég undirrituð, Sigríður Halldórsdóttir, býð mig fram til kirkjuþings. Ég er alin upp innan Þjóðkirkjunnar og hef verið kristin frá því ég man eftir mér og alltaf verið í Þjóðkirkjunni og viljað veg hennar sem mestan og bestan. Ég hef leitt bænahópa innan kirkjunnar, leitt kyrrðardaga og hjónadaga, verið í sóknarnefnd, tekið þátt í barnastarfi, verið í kirkjukórum, leitt opið hús fyrir foreldra og börn og tekið þátt í útgáfu safnaðarblaðs Lögmannshlíðarsóknar í þrjá áratugi. Ég var einnig í safnaðaruppbyggingarnefnd á vegum Þjóðkirkjunnar. Þá leiddi ég ásamt vinkonum mínum kyrrðardaga fyrir konur í 27 ár. Ég er meðlimur í Spiritual Directors in Europe sem er evrópsk hreyfing presta, djákna og leikmanna sem hafa starfað við andlega leiðsögn innan kirkna sinna.

Ég lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands 1972, stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1974, B.S. prófi í hjúkrunarfræði frá HÍ 1978, meistaraþrófi í kennslu og stjórnun frá University of British Columbia í Vancouver Kanada 1988 og doktorsprófi í heilbrigðisvísindum (Med. Dr. gráða) frá Linköping háskóla í Svíþjóð 1996.

Áður en ég hóf störf við Háskólann á Akureyri var ég lektor við Háskóla Íslands og námstjóri við Nýja hjúkrunarskólann þar sem ég stýrði framhaldsnámi fyrir hjúkrunarfræðinga. Sem prófessor við Háskólann á Akureyri hef ég verið mjög virk í stjórnsýslu, bæði innan og utan háskólans. Ég var til dæmis í Vísinda- og tækniráði sem mótar opinbera stefnu í vísindum og tækni á Íslandi og hefur m.a. það hlutverk að efla vísindarannsóknir í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar. Einnig var ég í 12 ár formaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs og í 8 ár sviðsforseti heilbrigðisvísindasviðs. Ég hef jafnframt tekið þátt í fjölmörgum nefndum og ráðum, er m.a. formaður vísindaráðs HA en hef jafnframt verið í t.d. framtíðarnefnd, siðanefnd, sjálfsmatsnefnd og doktorsnámsráði. Ég hef mikla ánægju af að vinna með fólki og leiðist aldrei að starfa í ráðum og nefndum. Það er alltaf eitthvað gott sem kemur út úr því þegar fólk starfar saman, hlustar hvert á annað og finnur saman bestu lausnina.

## FÓLKID MITT



Faðir minn var **Halldór Sverris Magnússon**, búfræðingur frá Hvanneyri, húsasmiður og byggingarverktaki. Foreldrar hans voru bændurnir Magnús Halldórsson og Lára Björg Ólafsdóttir sem bjuggu alla sínar búskapartíð á Ketilsstöðum í Hvammssveit, Dalasýslu. Hann var að vestan hún að austan en þau kynntust á Suðurlandi, giftu sig og eignuðust fimm börn. Afkomendur þeirra eru 107.

Mynd 1: Mamma, bróðir minn Magnús, ég og pabbi

Móðir mín er **Kristrún Brandís Steingrímisdóttir**, handavinnukennari og sjúkraliði. Hún er 93 ára og býr á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Foreldrar hennar voru bændurnir Steingrímur Samúelsson og Steinunn Jakobína Guðmundsdóttir. Þau eignuðust 7 börn og eiga í dag 220 afkomendur. Í bók Gylfa Gröndal um ævi Steins Steinars, *Leit að ævi skáld*, sem gefin var út af IPV forlagi árið 2000 skrifar Gylfi eftirfarandi um afa undir yfirskriftinni *Bóndi af lífi og sál*: „Fóstri Steins Steinars, Steingrímur Samúelsson, var bóndi af lífi og sál. Starfsferill hans er ævintýri líkastur; hann er í hnotskurn baráttusaga þeirrar kynslóðar sem gerði Ísland byggilegt.“ (bls. 81). Hann segir frá því að Torfi í Ólafsdal hafi látið svo ummælt „að Steingrímur væri eitt mesta bóndaefni sem hann hefði kynnst“ (bls. 82). Þegar afi var 50 ára fékk hann heiðursverðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda „og var vel að þeim kominn“ ritar Gylfi. Um ömmu skrifar Gylfi einnig heilan kafla undir yfirskriftinni *Húsfreyjan listfenga*. Þar ritar Gylfi m.a.: „Steinunn var listfeng, hagamælt og hneigð til skáldskapar.“ Amma var orðvör og vitur kona og Gylfi vitnar í eina vísuna hennar:

Fann ég eigi orðin þá  
er ég segja vildi;  
var þó fegin eftir á  
að ég þegja skyldi.

Gylfi Gröndal skrifar einnig heilan kafla um langömmu mína, Kristínu Tómasdóttur, undir yfirskriftinni *Völvun í Miklagarði*. Þar ritar Gylfi: „Fóstran Kristín var völvu heimilisins“, skrifar Jóhannes úr Kötlum, ... „og Steini þótti ekki jafn vænt um nokkra manneskju og hana“. „Hvar er fóstra mín?“ spurði hann á sama hátt og önnur börn spyrja um móður sína.“ (bls. 54). „Það er ekki að ástæðulausu að Jóhannes úr Kötlum kallar Kristínu völvu heimilisins í Miklagarði. Tilsvör hennar voru kjarnyrnt og einarðleg.“ (bls. 58). Jafnframt skrifar Gylfi: „Börnin áttu sér tryggan stað þar sem Kristín var. Ævinlega svaf eitthvert þeirra fyrir ofan hana. Hún var kjarkmikil og æðrulaus í öllu sínu örlagaríka lífi. „Það þýðir ekki að deila við himnaföðurinn“, sagði hún, „hver verður að bera það sem hann ákvarðar“. Hún hafði mikið dálæti á eftirfarandi vísu:

Marga stund er maðurinn  
meins við bundinn parta.  
Getur undir glaðri kinn  
grátið stundum hjarta.

## SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR - FRAMBOÐ TIL KIRKJUÞINGS 2022



Mynd 2. Fjölskyldumynd 2018. Síðan hafa þrjár yngismeyjar bæst í hópinn, Ylva Kristín, Sigríður María og Saga Þorgerður.

Ég kynnist **Gunnlaugi Garðarssyni** þegar ég var 17 ára og vorum við saman í 49 ár. Við gengum í hjónaband 12. júní, 1976. Við eigum þrjú börn: 1. **Sunnu Krístrúnu Gunnlaugsdóttur** f. 1981, leikskólakennara og djákna. Hún og eiginmaður hennar Eyjamaðurinn, Elías Ingi Björgvinsson tölvunarfræðingur, eiga 4 börn, Gunnlaug Davíð 12 ára, Eyjólf Jökul 10 ára, Ólaf Skírni 6 ára og Sigríði Maríu 10 mánaða; 2. **Sr. Maríu Guðrúnu Gunnlaugsdóttur** f. 1985, sem er prestur í Svíþjóð. Hún og eiginmaður hennar, Andreas Ljungberg verkfræðingur, eiga 3 börn, Matthías Ágúst 6 ára, Ylva Kristínu 2 ára og Sögu Þorgerði 2 mánaða; og 3. **Jóhannes Benedikt Gunnlaugsson** f. 1998 sem er að ljúka öðru ári í bakkalárnámi í kvikmyndagerð. Ég á því orðið 10 afkomendur og þetta eru sannarlega sólargeislarinnir í lífi mínu.

Ég vil mjög gjarnan látt gott af mér leiða innan íslensku þjóðkirkjunnar og mér þætti mjög vænt um atkvæði þitt í kjöri til kirkjuþings 2022.

Virðingarfyllt,

*Sigríður Halldóttir.*